

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Lundar í Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 28. ágúst 2003 breytt deiliskipulag frístundahúsvæðis við Lund í Fnjóskadal.

Deiliskipulagið felst í að við núverandi frístundasvæði í landi Lundar (svæði A-D sem er um 60 ha að stærð) er bætt við svæði E, 25 frístundalóðum á um 40 ha svæði þannig að heildarsvæði verður um 100 ha.

Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998 - 2018, sem auglýst var samhliða.

Tillagan, uppdráttur með greinargerð, var til sýnis á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum, frá og með 9. júlí til 6. ágúst 2003.

Athugasemd barst frá Umhverfisstofnun, en sveitarstjórn taldi hana ekki gefa tilefni til breytinga á uppdrætti. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar, 9. október 2003.

Gaukur Hjartarson.